



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnalæknir

# FARSÓTTAFRÉTTIR

3. árg. 10. tölublað. Október 2007.

## EFNI:

|  |        |
|--|--------|
| Átta tilfelli E. coli-sýkingar greinast hér á landi  | bls. 1 |
| Heimsókn frá ECDC, Sóttvarnastofnun ESB              | bls. 1 |
| Íslendingar kaupa bóluefni gegn fugla-inflúensu H5N1 | bls. 2 |

### Ritstjórn

Haraldur Briem sóttvarnalæknir, ábm.

Ása St. Atladóttir  
Brynja Laxdal  
Guðrún Sigmundsdóttir  
Sigurlaug Hauksdóttir  
Þórolfur Guðnason

### Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

## LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

### SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5  
170 Seltjarnarnes  
Sími: 510 1900  
Bréfasími: 510 1920

Netfang: [mottaka@landlaeknir.is](mailto:mottaka@landlaeknir.is)  
Veffang: [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildar getið.

## ÁTTA TILFELLI E. COLI-SÝKINGAR GREINAST HÉR Á LANDI

Samkvæmt upplýsingum frá sýklafræðideild Landspítala greindust dagana 28. september til 13. október átta einstaklingar hérlendis með sýkingu af völdu enteróhemoragísks E. coli (O157 PT8 VT1 +2). Upphaf veikinda var á tímabilinu 23. september til 7. október og er uppruni sýkingarinnar af innlendum toga. Þeir sem greinst hafa með sýkinguna eru á öllum aldri (2–61 árs), fimm karlar og þrjár konur, með búsetu víðsvegar um landið; þrír búa á höfuðborgarsvæðinu, tveir á Norðurlandi, einn á Austurlandi og tveir í Vestmannaeyjum.

Farið var yfir ítarlegan spurningalista um matvælaneyslu og ferðalög fyrir veikindin, en þrátt fyrir það hefur ekki tekist að komast að uppruna sýkingarinnar. Svo virðist sem sýkingin sé á undanhaldi, en vinnu við rannsókn faraldursins er ekki lokið. Meðal annars er verið að kanna hvort svipaðar sýkingar hafa greinst í öðrum löndum Evrópu. Öflug dreifing matvæla víðs vegar um Evrópu ber með sér hættu á matvælasýkingum í mörgum löndum samtímis, og er samvinna Evrópuþjóðanna þá mikilvæg til að vinna að sameiginlegri lausn málsins.



Smásjármynd af E. coli-gerlum

Helsta smitleið E. coli-gerilsins er með menguðum matvælum og vatni. Matvælasýkingar eru oftast tengdar afurðum nautgripa en einnig öðrum matvælum sem hafa mengast af vatni eða öðru í umhverfinu. Eitt helsta einkenni sýkingar af völdum enteróhemoragísks E. coli er niðurgangur, oft blóðugur. Alvarlegur fylgikvilli nefnist hemólýtískt úremískt heilkenni, en helstu einkenni þess eru nýrnabilun og fækkun á blóðflögum, sem geta leitt til blæðinga. Heilkennið er algengast hjá börnum yngri en 10 ára (5–10%).

Sjá frekari upplýsingar um sjúkdóminn á: <http://www.landlaeknir.is/Pages/765>

## HEIMSÓKN FRÁ ECDC, SÓTTVARNASTOFNUN ESB

Að ósk Markosar Kyprianous, heilbrigðisráðherra Evrópusambandsins, stendur nú yfir könnun á viðbúnaði allra aðildarríkja Evrópubandalagsins, auk Íslands, Noregs og Lichtenstein, gegn heimsfaraldri inflúensu. Sóttvarnastofnun Evrópubandalagsins (European Centre for Disease

Prevention and Control, ECDC), sem er ráðgefandi stofnun um sóttvarnir í ESB, annast framkvæmd könnunarinnar og dvöldu fulltrúar stofnunarinnar hér á landi dagana 9. til 11. október og tóku út viðbúnað Íslendinga gegn heimsfaraldrinum.

(Framhald bls. 2)

*Í skýrslunni kom fram að margt væri vel gert, einkum væri samvinna sóttvarnalæknis og almanna- varnadeildar ríkislögreglustjóra til fyrirmyndar.*



Fulltrúar ECDC í heimsókninni voru prófessor Johan Giesecke, yfirmaður vísinda- deildar ECDC, dr. Ines Steffens, ritstjóri Eurosurveillance, upplýsingadeild ECDC, og dr. Patricia Santa Olalla frá spænska heilbrigðisráðuneytinu.

Fulltrúarnir hittu fulltrúa sóttvarnalæknis, almanna- varnadeildar ríkislögreglustjóra, Landbúnaðarstofnunar, Rannsóknastofu í veirufræði á Landspítala, sóttvarnalækna á höfuðborgarsvæðinu og Selfossi ásamt lög- reglustjóra höfuðborgarsvæðisins og á Sel- fossi.

Íslensku fulltrúarnir gerðu grein fyrir viðbragðsáætlunum vegna heimsfaraldurs influensu í mönnum og fuglainfluensu og þeirri vinnu sem tengdist þeim.

Í lok heimsóknarinnar var haldinn fundur með heilbrigðis- og trygg- ingamálaráðherra, ráðuneytisstjóra og þeim starfsmönnum heilbrigðis- málaráðuneytisins sem unnið hafa

að viðbragðsmálunum. Þar kynntu fulltrú- arnir bráðabirgðaskýrslu sína um viðbragðs- áætlun Íslendinga. Í henni kom fram að margt væri vel gert, einkum væri samvinna sóttvarnalæknis og almanna- varnadeildar ríkislögreglustjóra til fyrirmyndar. Sama gildi um þá miklu áherslu sem lögð væri á samvinnu við önnur ráðuneyti, stofnanir, fyrirtæki og félög í landinu. En huga þyrfti betur að upplýsingamiðlun ef til heims- faraldurs kæmi, einkum til almennings, og efla þyrfti samskipti við sóttvarnalækna í héraði og viðkomandi lögreglufirvöld.

## ÍSLENDINGAR KAUPA BÓLUEFNI GEGN FUGLAINFLÚENSU H5N1

Eins og fram kom í *Farsóttafréttum* í maí 2007 hafa Íslendingar með samningi við GSK tryggt sér kaup á 300.000 skömmtum af bóluefni þegar heimsfaraldur influensu ríður yfir.

Heilbrigðisyfirvöld hér á landi sem og er- lendis hafa áhyggjur af því að næsti heims- faraldur influensu geti orðið af völdum H5N1, sem á undanförunum árum hefur valdið alvarlegri sýkingu í fuglum. Smit hefur í nokkrum tilfellum borist í menn með alvar- legum afleiðingum, en smit milli manna hefur ekki verið staðfest nema í undantekn- ingartilfellum.

Bóluefnaframleiðendur hafa hafið fram- leiðslu á bóluefni gegn H5N1 til nota í mönnum og virðist það gefa góða vernd og valda litlum aukaverkunum.

Í burðarliðnum er samningur íslenskra heil- brigðisyfirvalda við GSK um kaup á 10.000 skömmtum af H5N1 bóluefni sem verður til taks hér á landi ef veiran greinist hér. Samn- ingurinn, sem gildir í þrjú ár, býður einnig upp á kaup á fleiri skömmtum, kjósi heil- brigðisyfirvöld það.

*Ekki hefur enn tekist að komast að uppruna E. coli- sýkingarinnar.*